



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalsvartíma fyrirspurna

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 28. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Almennt á skóla- og frístundasvið að svara fyrirspurnum innan tveggja mánaða, sbr. svar sviðsstjóra, dags. 4. ágúst 2022 (SFS22060096). Ljóst er að þetta tímaviðmið stenst sjaldnast, sbr. t.d. fremur einfalda en ósvaraða fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram 22. maí sl. á fundi ráðsins og er undir dagskrárlið 17 í fundargerð þess fundar. Óskað er upplýsinga um hver hafi verið meðaltími svara við fyrirspurnum á tímabilinu 14. júní 2022 til og með 28. ágúst 2023. Einnig er óskað eftir því að varpað sé ljósi á hvort ætlunin sé að flýta svörum sem þessum og þá hvernig.

Svar:

Á tímabilinu 14. júní 2022 – 28. ágúst 2023 var lögð fram 81 fyrirspurn í skóla- og frístundaráði. Jafnframt voru lagðar fram 32 fyrirspurnir í borgarráði sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Lögð hafa verið fram svör við 101 fyrirspurn af þessum 113 fyrirspurnum en eftir er að leggja fram svör við 12 fyrirspurnum. Frá því að fyrirspurn var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs eða borgarráðs og þar til svar er lagt fram á fundi hafa að meðaltali liðið 88,5 dagar. Um 50% fyrirspurna á fyrrgreindu tímabili var svarað innan tveggja mánaða í stað 30% á síðasta kjörtímabili.

Í verklagi sem skóla- og frístundasvið hefur sett sér er almennt gert ráð fyrir því að svar við fyrirspurn sé lagt fram innan 2 mánaða frá því að fyrirspurn var lögð fram í skóla- og frístundaráði. Ef fyrirspurn hefur ekki verið svarað innan 2 mánaða er málið tekið upp í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs. Áfram verður unnið að því að bæta svartímann en málefnalegar ástæður valda því að lengri tíma en tvo mánuði getur tekið að svara fyrirspurn.

Ekki er kveðið á um svartíma í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eða í samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.